

## 7. fundur skólanefndar Hrunamannahrepps

kjörtímabilið 2018-2022 v/Undralands haldinn

5. september 2019 kl. 14.15

**MÆTT:** Elsa Ingjaldsdóttir (H), formaður, Hanna Björk Grétarsdóttir (D og óháðir) og Guðríður Þórarinsdóttir (H, varamaður) í forföllum Unnsteins Eggertssonar (H). Einnig sátu fundinn Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir, leikskólastjóri, Fríður Sæmundsdóttir, fulltrúi foreldraráðs og Katrín Þorvaldsdóttir, fulltrúi starfsfólks.  
Elsa Ingjaldsdóttir ritaði fundargerð.

**FUNDARSTAÐUR: LEIKSKÓLINN UNDRALAND****DAGSKRÁ:**

1. Skýrsla skólastjóra
2. Jafnréttisáætlun Undralands 2019-2022
3. Gátlisti, töluliðir 4 og 5
  - a. Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?
  - b. Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og námsskrá skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?
  - c. Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og setfni sveitarfélagsins skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?
  - d. Tekur símenntunaráætlun mið af niðurstöðum innra/ytra mats?
  - e. Tryggir leikskólinn að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknið fá túlkun á upplýsingum um börn skv. gr. 9 í lögum nr. 90/2008?
  - f. Hvernig fá ofangreindir foreldrar túlkun/upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna samskipta sbr. gr. 9 í lögum nr. 90/2008?
4. Rekstraryfirlit
5. Til upplýsinga/umræðna
  - a. Loftgæði innan veggja leikskólans
  - b. Stöðugildi á Undralandi – starfskraftaþörf
6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

Formaður setti fund, bauð fundarfólk velkomið og óskaði eftir athugasemdum við útsent fundarboð og dagskrá. Engar athugasemdir voru gerðar og gengið var til dagskrár.

**1. Skýrsla skólastjóra**

Starfsfólk leikskólans kom til starfa að loknu sumarleyfi mánudaginn 12. ágúst og börnin mættu svo daginn eftir. Starfsdagurinn var notaður til að undirbúa deildir, koma nýju fólki inn í starfið (eins og hægt er) og hrista saman starfsfólk á deildum. Starfið fer vel af stað, deildir eru mannaðar, en ekki má mikið út af bregða með veikindi eða aðrar fjarvistir þar sem ekki er afleysing í húsi. Stjórnendur eru búnir að funda með stjórn foreldrafélags og foreldraráði. Þar var farið yfir starfið og rætt um heilsueflandi leikskóla og það sem er framundan. Starfsfólk hefur kvartað undan loftgæðum innanhúss og verið er að athuga með loftræstingu í miðrymi þar sem loftið er mjög „dautt“. Þetta er sérstaklega slæmt þegar fyrstu mæta í vinnu og alltaf þarf að lofta vel út. Starfsmenn hafa fundið fyrir ertingu í hálsi og augum, þreytu og höfuðverk svo eitthvað sé nefnt. En vonandi lagast þetta með framkvæmdum.

Hrunamannahreppur

IBB

HBH

GFP

FS KP

Í sumar var málað innanhúss þar sem þörf var á og gólf bónuð.

Nú í upphafi vetrar eru 38 börn á leikskólanum, eitt byrjar um miðjan september. Við gerum ráð fyrir einhverri fjölgun fram til áramóta og um áramót eru komnar umsóknir en til þess að hægt verði að taka inn börn þá verður að ráða fleira starfsfólk.

Við erum með fjögur börn sem eru í greiningarferli hjá sálfræðingi 8 tvítýngd.

Leikskólastjóri greindi einnig frá því að 17 starfsmenn deila 15,7 stöðugildum skv. blaði sem Ingibjörg lagði fram á fundinum.

Skólanefnd þakkar skólastjóra fyrir yfirferð á skýrslunni.

## 2. Jafnréttisáætlun Undralands 2019-2022

Lögð fram jafnréttisáætlun Undralands fyrir árin 2019-2022.

Skólanefnd samþykkir áætlunina og telur hana bæði metnaðarfulla en þó raunhæfa enda skilgreint hvernig áætlunin skuli ná fram að ganga með framkvæmdaratriðum.

## 3. Gátlisti, töluliðir 4 og 5

- Símenntunaráætlun fyrir starfsfólk skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?  
Leikskólastjóri greindi frá að símenntunaráætlunin væri í vinnslu, beðið hefði verið eftir upplýsingum um námskeiðsframboð frá Skólaþjónustunni.
- Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og námsskrá skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?  
Leikskólastjóri greindi frá að símenntunaráætlunin tæki mið af áherslum starfsmanna og námsskrá í samræmi við ofangreind lög.
- Tekur símenntunaráætlun mið af áherslum og stefnu sveitarfélagsins skv. gr. 7 í lögum nr. 90/2008?  
Leikskólastjóri greindi frá að símenntunaráætlunin tæki mið af áherslum og stefnu sveitarfélagsins í samræmi við ofangreind lög.
- Tekur símenntunaráætlun mið af niðurstöðum innra/ytra mats?  
Leikskólastjóri greindi frá að símenntunaráætlunin tæki mið af niðurstöðum innra/ytra mats í samræmi við ofangreind lög.
- Tryggir leikskólinn að foreldrar sem ekki tala íslensku eða nota táknmál fái túlkun á upplýsingum um börn skv. gr. 9 í lögum nr. 90/2008?  
Leikskólastjóri greindi frá að foreldrum væri tryggð túlkun á upplýsingum í samræmi við ofangreind lög. Túlkar annað hvort á staðnum eða í síma ef á þarf að halda.
- Hvernig fá ofangreindir foreldrar túlkun/upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna samskipta sbr. gr. 9 í lögum nr. 90/2008?  
Sjá svar við e. Lið.

## 4. Rekstraryfirlit

Leikskólastjóri lagði fram rekstraryfirlit frá áramótum til 3. september sl. og greindi frá helstu tölum í rekstrinum mv. fjárhagsáætlun. Ljóst er að launakostnaður ársins fer því miður langt fram úr áætlun eða sem gæti numið allt að 15%.

Ingibjörg lagði einnig fram greinargerð leikskólastjóra v/launakostnaðar á árinu. Þar kemur fram að launaframúrkeyrslu ársins megi að mestu rekja til samsetningar barnahóps sl. vetur og þörf á miklu utanumhaldi við þau.

Skólanefnd leggur áherslu á að rekstrarliðir skuli vera í samræmi við fjárhagsáætlun eins og kostur er.

Hrunamannahreppur

Handwritten signatures and initials: ATRK, FBB, GFB, FS, KD.

Skólanefnd telur ennfremur nauðsynlegt að nefndin sé upplýst reglulega um rekstur skólans og fer fram á að leikskólastjóri/sveitarstjóri leggi fyrir nefndina slíkar upplýsingar, sérstaklega þegar ljóst má vera að einstaka liðir rekstursins stefna í að fara fram úr fjárhagsáætlun.

#### 5. Til upplýsinga/umræðna

##### a. Loftgæði innan veggja leikskólans

Leikskólastjóri gerði grein fyrir umkvörtunarefni starfsfólks varðandi loftgæði og fyrirhuguðum úrbótum vegna þeirra. Loftræstikerfi verður sett upp í miðrymi leikskólans sem bæta á loftgæði og tryggja nægjanleg loftskipti. Stefnt er að því að fara í verkið á þeim tíma sem minnst truflun verður á starfsemi skólans eða kringum starfsdag þann 12. nóvember nk.

Skólanefnd ítrekar nauðsyn þess að tryggja börnum og starfsmönnum heilnæmt og gott andrúmsloft.

##### b. Stöðugildi á Undralandi – starfskraftaþörf

Leikskólastjóri lagði fram yfirlit yfir starfsmenn skólans og starfshlutfall. Hún greindi jafnframt frá mati sínu á því að þó skólinn væri ágætlega mannaður þá væri mikil þörf á einu stöðugildi til viðbótar sem gæti leyst af inni á deildum gerist þess þörf.

Skólanefnd telur að í dag sé leikskólinn vel mannaður hæfu starfsfólki miðað við fjölda og samsetningu barna. Mögulega yrði staðan önnur ef til þyrfti að koma langvarandi afleysingar. Miðað við núverandi starfsmannafjölda og barnahóp auk vísunar í umræðu við 4. dagskrárlið hér að ofan, telur skólanefnd ekki forsendur til að bæta við starfsfólki að svo komnu máli.

#### 6. Ný mál tekin fyrir á næsta fundi.

- Gátlisti, greinar 6 og 11.

Næsti fundur ákveðinn 17. október kl. 14.30

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.20

Fridur Sæmundsd.

Katrín Þorvaldsdóttir

Hanna Þórh. G.

Gröndur ER Þerainsdóttir

Lárusd.

Jónbjörgu Þorvaldsd.